AUGLÝSING

um breytingu á Norðurlandasamningi um félagslegt öryggi.

Með orðsendingu danska utanríkisráðuneytisins 29. ágúst 1984 og svarorðsendingum sendiráða Noregs, Íslands, Svíþjóðar og Finnlands í Kaupmannahöfn 29. og 31. ágúst og 14. og 28. september 1984 var gengið frá breytingu á Norðurlandasamningi frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16 og 23/1981. Breytingin öðlaðist gildi 28. október 1984.

Orðsending danska utanríkisráðuneytisins og svarorðsending sendiráðs Íslands eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. desember 1984.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

a. Orðsending danska utanríkisráðuneytisins.

VERBALNOTE

Udenrigsministeriet har herved den ære at foreslå, at regeringerne i Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige indgår nedenstående aftale om ændringer til bilag til konvention af 5. marts 1981 mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige om social tryghed.

Aftale om ændring af nordisk konvention af 5. marts 1981 om social tryghed.

Artikel 1

I bilag til ovennævnte konvention, bestemmelser vedrørende anvendelse af national lovgivning, A. Danmark, foretages følgende ændringer:

1. Punkt 3. Til artikel 18, affattes således:

"Førtidspension efter dansk lovgivning skal ved anvendelse af artikel 18 anses som invalidepension".

2. Punkt 4. Til artikel 19, affattes således:

"a) Statsborgere fra de andre nordiske lande har ret til fuld dansk alderspension, senest fra den 1. oktober 1989, efter overgangsreglerne i lov om social pension for personer over 67 år, som har haft fast bobæl i Danmark i mindst 10 år efter det fyldte 15 år, heraf mindst 5 år umiddelbart forud for det fyldte 67 år. Bopælstid i de øvrige nordiske lande medregnes ikke ved afgørelsen af, om fuld pension kan ydes efter nævnte bestemmelse.

b) Ved anvendelsen af artikel 19, andet stykke, tredje punktum, medregnes bopælstid i de nordiske lande efter opnåelse af den laveste aldergrænse i dansk pensionslovgivning for optjening af ret til pension på grundlag af bopælstid ved beregning af pension til en person som efter konventionen skal have pension fra Danmark.

c) Bestemmelsen i artikel 19, andet stykke, fjerde punktum, finder ikke anvendelse ved beregning af pension efter dansk lovgivning."

3. Punkt 5. til artikel 20, udgår a) og b) og i stedet indsættes:

"a) Til enlige kvinder der den 1. januar 1984 er fyldt 62 år ydes almindelig førtidspension fra Danmark efter artikel 20, andet stykke, udover 3-årsfristen fra flytningen efter artiklens tredje stykke, sålænge pensionsmodtageren ikke har opnået den almindelige pensionsalder i bopælslandet."

Punkt c) bliver herefter punkt b).

Artikel 2

Denne aftale træder i kraft en måned efter at de øvrige nordiske landes regeringer skriftligt har tiltrådt aftalen overfor det danske udenrigsministerium, der i noter til de øvrige nordiske landes ambassader i København giver meddelelse herom. Aftalen har virkning fra den 1. oktober 1984.

Artikel 3

Aftalen er udfærdiget på det danske, det finske, det islandske, det norske og det svenske sprog, hvilke samtlige tekster har lige gyldighed.

Såfremt Finlands, Islands, Norges og Sveriges regering kan godkende foranstående aftale, har udenrigsministeriet den ære at foreslå, at denne verbalnote og Finlands, Islands, Norges og Sveriges ambassaders bekræftende svar på henholdsvis det finske, det islandske, det norske og det svenske sprog skal betragtes som en aftale mellem regeringerne i de nordiske lande.

København, den 29. august 1984.

b. Svarorðsending sendiráðs Íslands.

Utanríkisráðuneytið,
Kaupmannahöfn.

Orðsending

Sendiráð Íslands leyfir sér að staðfesta móttöku orðsendingar utanríkisráðuneytisins, dags. 29. ágúst 1984, sem er svohljóðandi:

„Utanríkisráðuneytið leyfir sér að leggja til að ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar geri eftirfarandi samning um breytingar á viðauka við samninginn frá 5. mars 1981 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi.

Samningur um breytingu á samningi Norðurlanda frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi.

1. grein.

Á viðauka við ofangreindan samning, ákvæðum um beitingu löggjafar einstakra landa, A. Danmörk, eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Töluliður 3 um 18. gr. orðist svo:

„Við beitingu 18. greinar skal litið á lífeyri fyrir aldursmörk samkvæmt danskri löggjöf sem örorkulífeyri."

2. Töluliður 4 um 19. gr. orðist svo:

„a) Ríkisborgarar annarra norrænna landa eiga rétt á fullum dönskum ellilífeyri, í síðasta lagi þann 1. október 1989, samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laganna um almannalífeyri til handa mönnum yfir 67 ára aldri, sem hafa verið búsettir í Danmörk að minnsta kosti tíu ár eftir fullnaðan 15 ára aldur, þar af að minnsta kosti fimm síðustu árin áður en 67 ára aldri er náð. Búsetutími í öðrum norrænum löndum er ekki talinn með þegar ákvörðun er tekin um það, hvort fullan lífeyri megi greiða samkvæmt nefndu ákvæði.

b) Við beitingu 19. greinar, 2. málsgreinar, 3. málsliðs, er við útreikning lífeyris til manns, sem samkvæmt samningum skal fá lífeyri frá Danmörk, talinn með búsetutími í norrænu löndunum eftir að náð er lægra aldursmarkinu, sem samkvæmt dönsku lífeyrislöggjöfinni er krafist til þess að maður geti áunnið sér rétt til lífeyris á grundvelli búsetutíma.

c) Ákvæðið í 19. grein, 2. málsgrein, 4. málslið, tekur ekki til útreiknings á lífeyri samkvæmt danskri löggjöf."

3. Töluliður 5 um 20. gr., stafliðir a) og b) falli niður og í staðinn komi:

„a) Einstæð kona, sem er orðin 62 ára 1. janúar 1984, fær almennan lífeyri fyrir aldursmörk frá

Danmörk samkvæmt 20. grein, 2. málsgrein, umfram þriggja ára tímann eftir flutning samkvæmt 3. málsgrein greinarinnar svo lengi sem lífeyrisþeginn hefur ekki náð almennum lífeyrisaldri í búsetulandinu."

Stafliður c) nefnist héreftir stafliður b).

2. grein

Samningur þessi gengur í gildi mánuði eftir að ríkisstjórnir annarra norrænna landa hafa skriflega lýst yfir samþykki sínu við samninginn við danska utanríkisráðuneytið, sem tilkynnir sendiráðum hinna norrænu landanna í Kaupmannahöfn um það. Samningurinn gildir frá 1. október 1984.

3. grein

Samningurinn er gerður á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku. Allir textarnir eru jafngildir.

Að því tilskildu, að ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar geti samþykkt ofangreindan samning, leyfir utanríkisráðuneytið sér að leggja til, að þessi orðsending og staðfest svör sendiráða Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar á finnsku, íslensku, norsku og sænsku eftir því sem við á skuli fela í sér samning milli ríkisstjórnanna á Norðurlöndum."

Sem svar við framangreindu leyfir sendiráðið sér að tilkynna, að ríkisstjórn Íslands fellst á tillöguna í ofangreindri orðsendingu og staðfestir að orðsending utanríkisráðuneytisins og þetta svar skuli fela í sér samning milli beggja ríkisstjórnanna.

Kaupmannahöfn, hinn 31. ágúst 1984.

Nr. 20 4. desember 1984

AUGLÝSING

um samkomulag við Frakkland um menningar- og vísindasamvinnu.

Hinn 16. október 1984 öðlaðist gildi samkomulag um menningar- og vísindasamvinnu milli Íslands og Frakklands sem undirritað var í París 12. apríl 1983.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. desember 1984.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson